

Notkunarskilmálar Spesíu

Á eftir stuttri lýsingu á þjónustu Spesíu eru hér fyrir neðan útlistaðir þeir skilmálar sem eiga við um aðgang þinn og notkun á þjónustu á vefnum www.spesia.is og snjallsímaforritum sem íslenska hlutafélagið Spesía eignastýring hf. (430924-0440), Grandagarði 16, 101 Reykjavík (hér eftir „Spesía“ eða „félagið“) á og rekur. Með því að nota þjónustuna samþykkir þú að hlíta öllum notkunarkilmálum Spesíu eins og þeir eru á hverjum tíma.

Þjónusta Spesíu er hönnuð til að efla þekkingu og sjálfstraust einstaklinga þegar kemur að fjárfestingum og einfalda þeim að fjárfesta með því að geta í nákominni framtíð veitt sérsniðna og sjálfvirka fjárfestingarráðgjöf (e. robo-advisory) auk aðgangs að sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta en slík starfsemi er leyfisskyld af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Þar til að leyfisskyld starfsemi hefst getur þú nýtt vef Spesíu til þess að fræðast um fyrirætlanir Spesíu og skráð þig á biðlista.

1. Gildissvið

1.1. Skilmálar þessir gilda um þjónustu Spesíu (hér eftir nefnd „þjónustan“) sem rekin er af Spesíu og eiga einnig við um vefsíður, innri vefi, smáforrit og samfélagsmiðla (hér eftir „vefsvæði“) Spesíu.

1.2. Með því að nota þjónustu Spesíu, lýsir þú yfir að hafa kynnt þér og samþykkir þessa skilmála. Til notkunar telst m.a. upplýsingaöflun og nýting þeirrar þjónustu sem er í boði á hverjum tíma. Öll notkun takmarkast við þær aðgerðir sem eðlilegar og löglegar geta talist.

1.3. Skilmálar þessir ná utan um þá þjónustu sem Spesía býður upp á áður en starfsleyfisskyld starfsemi hefst, svo sem skráningu á biðlista og fræðsluefni um fjárfestingar.

2. Um Spesíu

2.1. Spesía er í umsóknarferli um starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020 og sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021, auk starfsleyfis til eignastýringar

og miðlunar fyriræla varðandi fjármálagerninga skv. 1., 2. og 4. tl. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020.

2.2. Spesía kemur til með að sæta eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við framangreint og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu eftirlitsins.

2.3. Þar til að starfsleyfi er gefið út og starfsleyfisskyld starfsemi hefst er Spesía í undirbúningsfasa þar sem fyrirtækið býður áhugasömum að skrá sig á biðlista og nálgast fræðslu um fyrirætlanir Spesíu og fjárfestingar almennt.

2.4. Spesía áskilur sér rétt til að fela móður-, dóttur-, eða hlutdeildarfélagi sínu eða utanaðkomandi þjónustuaðilum umsjón afmarkaðra þjónustupátta í samræmi við starfsleyfi og gildandi lög og reglur.

2.5. Almennar upplýsingar um Spesíu:

Spesía eignastýring hf.

kt. 430924-0440

Grandagarður 16, 101 Reykjavík.

3. Þjónusta Spesíu

Þar til að starfsleyfisskyld þjónusta Spesíu hefst felur starfsemin eingöngu í sér almenna (ekki leyfisskylda) upplýsingaþjónustu í þeim skilningi að notendur vefs Spesíu geta skráð sig á biðlista og fræðst um áform Spesíu og fjárfestingar almennt. Sú þjónusta felur hvorki í sér fjármálaráðgjöf eða aðra formlega ráðgjöf sem felur í sér lagalegt samband ráðgjafa og þiggjanda ráðgjafar, eða neina aðra starfsemi sem er annað hvort leyfis- eða tilkynningaskyld til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þínir persónulegu hagir eru einstakir og þar af leiðandi gætu upplýsingar og virkni á vef Spesíu hugsanlega ekki átt við um þínar aðstæður.

Spesía áskilur sér rétt til að neita þjónustu við þig eða takmarka hana ef þú samþykkir ekki skilmála þessa eða ef rökstudd ástæða er til að ætla að fyrirhuguð notkun eða viðskipti brjóti í bága við lög, reglur, innri verklag eða henti þér ekki.

Ekkert endurgjald er tekið fyrir þjónustu Spesía þar til starfsleyfisskyld þjónusta hefst.

4. Samþykki notkunarskilmála Spesíu

4.1. Með því að samþykkja skilmála þessa lýsir þú því yfir að þú hafir kynnt þér og samþykkir ákvæði skilmála þessa.

4.2. Með því að láta í té netfang þitt áskilur Spesía sér rétt til að senda þér, í samræmi við persónuverndarstefnu Spesíu, tilkynningar og aðrar upplýsingar í samræmi við við þessa skilmála eða þegar nauðsyn krefur.

4.3. Spesíu er heimilt að taka saman tölfraðilegar samantektir og aðrar afleiddar ópersónugreinanlegar samantektir án sérstaks samþykkis frá þér og nota í viðskiptalegum tilgangi eða miðla til þriðja aðila enda séu þær ekki á persónugreinanlegu formi.

5. Öryggisráðstafanir

5.1. Réttur þinn til að fá aðgang að og nota þjónustu Spesíu er bundinn við þig sem notanda. Þér er ekki heimilt að flytja þann rétt til annars manns eða lögaðila. Þér er einungis heimilt að fá aðgang að og nota þjónustuna í löglegum tilgangi.

5.2. Spesía áskilur sér rétt til að ákveða öryggisráðstafanir hverju sinni t.d. með fjölþáttaauðkenningu, aðgangsstýringum og vöktun vegna þjónustu sinnar. Þér ber að gæta leyndar um auðkenningar- og öryggisþætti sem tengjast þjónustu Spesíu og tryggja öryggi tækja og gagna.

5.3. Ef þig grunar á einhvern hátt að óviðkomandi aðili hafi komist yfir upplýsingar er varða aðganginn þinn, samþykkir þú að láta Spesíu strax vita með því að senda tölvupóst á oryggismal@spesia.is.

5.4. Spesía getur lokað eða takmarkað aðgang þinn tafarlaust sé öryggi hans ógnað, leiki grunur á sviksamlegri háttsemi eða þess sé krafist samkvæmt lögum eða reglum.

5.5. Spesía ábyrgist ekki órofinn aðgang að þjónustunni. Þó Spesía muni ávallt leitast við að halda ótrufluðum aðgangi þá gæti aðgangur þinn að þjónustu Spesíu rofnað af ýmsum ástæðum, t.d. vegna tæknilegra bilana, vélbúnaðarbilana, hugbúnaðarvillna eða kerfisuppfærslna.

5.6. Þú samþykkir hér með að nota ekki neins konar sjálfvirkan hugbúnað, forrit eða annars konar sjálfvirkar aðferðir til að fá aðgang, afrita eða fylgjast með nokkrum hluta af vefsvæðum eða þjónustu Spesíu nema með skriflegu leyfi Spesíu.

5.7. Þú samþykkir einnig að þú munt ekki nota neins konar forrit, hugbúnað eða annars konar aðferðir til að heimsækja, nota eða leita að gögnum á vefsvæði Spesíu nema með snjallsímaforritum Spesíu og almennum vöfrum (t.d. Chrome, Safari eða Edge) og almennum leitarvélum (t.d. Google).

5.8. Þú samþykkir einnig að senda Spesíu engar skrár eða gögn sem gætu flokkast sem tölvuvírus, tölvuormur, trjúuhestur eða innihaldið einhvers konar skaðlega eiginleika eða sem gætu á einhvern hátt truflað eðlilega virkni þjónustunnar fyrir þig eða aðra notendur.

5.9. Þú samþykkir ennfremur að þú munt ekki reyna á nokkurn hátt að sækja, birta eða greina (e. reverse engineer) á annan hátt undirliggjandi forritskóða (e. source code) út frá þeim hugbúnaði sem er notaður í snjallsímaforritum og á vefsvæðum Spesíu.

6. Hugverkaréttindi

6.1. Með notkun á þjónustu Spesíu færð þú takmarkað, óframseljanlegt leyfi til að nota vefsvæði Spesíu í þeim eina tilgangi að nýta þjónustuna í samræmi við þessa skilmála.

6.2. Allt innihald vefsvæða Spesíu, þar með talið útlitshönnun (t.d. texti, grafík, myndir, vörumerki), ljósmyndir, spurningalistar, reiknirit, hugbúnaður, ritstýrt efni, tilkynningar og önnur gögn sem birtast á vefsvæðum Spesíu eru eign félagsins og er varið samkvæmt höfundarréttar- og vörumerkjalögum á Íslandi og annars staðar eða notuð samkvæmt leyfi rétthafa.

6.3. Öll afritun, dreifing, birting, breyting, endurútgáfa eða rafræn afritun af innihaldi vefsvæða Spesíu, hvort heldur sem er að hluta eða heild, er með öllu óheimil án skriflegs samþykkis félagsins.

6.4. Þér er óheimilt að reyna að afrita, breyta, þýða, bakgreina (e. reverse engineer) eða á annan hátt reyna að nálgast kóða, reiknirit eða vinnsluaðferðir Spesíu.

7. Ábyrgð og óviðráðanleg atvik

7.1. Spesía gerir eðlilegar ráðstafanir til að uppfylla skyldur sínar, tryggja áreiðanleika eftir fremsta megni og upplýsa þig ef þjónusta liggur niðri.

7.2. Spesía ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun notanda eða tjóni sem rekja má til rangra aðgerða notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda.

7.3. Spesía getur ekki alltaf séð fyrir tæknileg vandamál sem kunna að valda því að ekki sé hægt að sækja upplýsingar, gögn kunni að glatast eða rof verði á þjónustu, en gerir allt í sínu valdi til þess að koma í veg fyrir slíkt.

7.4. Spesía ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna annarra atriða sem talin verða falla undir óviðráðanleg tilvik (force majeure).

8. Persónuvernd og þagnarskylda

8.1. Spesía meðhöndlar og vinnur persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

8.2. Spesía tryggir persónuvernd og viðeigandi öryggi og varðveislu gagna í samræmi við persónuverndarlög og viðurkennda staðla.

8.3. Spesía birtir sérstaka persónuverndarstefnu á vefsíðu sinni, sem telst hluti af þessum skilmálum og inniheldur ítarlegar upplýsingar um öryggi og meðferð Spesíu á persónu- og fjárhagsupplýsingum þínum.

8.4. Með því að nota þjónustu Spesíu og samþykkja skilmála þessa telst þú jafnframt samþykkja persónuverndarstefnu Spesíu.

8.5. Spesía áskilur sér rétt til að uppfæra persónuverndarstefnuna og er ávallt sú útgáfa í gildi sem er aðgengileg á hverjum tíma á vefsvæði Spesíu.

9. Upplýsingagjöf og varðveisla upplýsinga

9.1. Af og til kann Spesía að senda þér nauðsynlegar tilkynningar með rafrænum hætti vegna skráningar og aðgangs þíns eða notkunar á þjónustunni (t.d. þegar aðgangsupplýsingum er breytt) eða aðrar valkvæðar tilkynningar í tengslum við notkun þína á þjónustunni.

9.2. Þegar aðgangur þinn að þjónustunni er stofnaður í fyrsta sinn kann að vera að þú verðir skráð/ur fyrir sumum valkvæðum tilkynningum. Þú getur síðan hvenær sem er breytt, afskráð eða skráð þig fyrir öllum valkvæðum tilkynningum. Af og til kann Spesía að bæta við nýjum tegundum tilkynninga eða fjarlægja tiltekna tegundir tilkynninga.

9.3. Rafrænar tilkynningar frá Spesíu geta verið sendar á netfangið sem þú hefur gefið upp sem aðalnetfang þitt. Þér kann líka að vera boðið að fá tiltekna tilkynningar sendar sem textaskilaboð í símanúmerið þitt eða sem snjallsímatilkynningar.

9.4. Þar sem tilkynningar sendar með tölvupósti eða textaskilaboðum eru ekki dulkóðaðar munu þær aldrei innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar á borð við lykilorð. Hins vegar geta slíkar tilkynningar innihaldið netfangið þitt (þegar þér er sendur tölvupóstur) og símanúmer (þegar þér eru send textaskilaboð). Allir sem hafa aðgang að tölvupóstinum þínum munu geta séð innihald þessara tilkynninga.

9.5. Þú skilur og samþykkir að öllum tilkynningum, sem þér eru sendar með notkun þjónustunnar, gæti seinkað eða ekki borist þér af ýmsum ástæðum. Spesía reynir eftir fremsta megni að tryggja að tilkynningar berist þér fljótt og örugglega en ábyrgist á engan hátt að tilkynningar berist þér eða að tilkynningar innihaldi ávallt nýjustu eða réttar upplýsingar.

9.6. Þú samþykkir að Spesía ber enga skaðabótaskyldu vegna tilkynninga sem berast seint eða alls ekki eða vegna villna í efni tilkynninga enda séu mistökin ekki gerð viljandi.

10. Vanefndir og lokun þjónustu

- 10.1 Spesía áskilur sér rétt til að segja upp þjónustu til þín hvenær sem er og án fyrirvara ef þú brýtur gegn notkunarskilmálum þessum.
- 10.2 Spesía áskilur sér rétt til að loka aðgangi þínum eða takmarka hann að þjónustunni, varanlega eða tímabundið, ef Spesía telur til dæmis að; a) þú sért að nota þjónustuna í ólöglegum tilgangi, b) grunur liggur fyrir um óheimila eða sviksamlega háttsemi, c) Spesíu er það skylt lögum samkvæmt eða d) þú afturkallar samþykki þitt fyrir skilmálum þessum.

11. Réttarræði notenda og úrlausn ágreiningsmála

- 11.1. Skilmálar þessir eru gefnir út á íslensku og ensku en um þá gilda íslensk lög og réttarreglur. Ef misræmi reynist milli íslenskrar og enskrar útgáfu þessara skilmála þá gildir sú íslenska.
- 11.2. Rísi mál út af skilmálum þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12. Gildistími og uppsögn

- 12.1. Skilmálar þessir taka gildi gagnvart þér þegar þú samþykkir skilmála þessa og notar þjónustu Spesíu í fyrsta sinn eins og þeir eru á þeim tíma.
- 12.2. Breytingar á skilmálum verða tilkynntar með hæfilegum fyrirvara. Sé breyting ekki til hagsbóta fyrir þig er veittur 30 daga frestur á gildistöku breytinga og vakin athygli á rétti þínum til uppsagnar þjónustu áður en þær taka gildi. Sé breyting til hagsbóta eða hlutlaus tekur hún gildi þegar í stað.
- 12.3 Þú getur á hvaða tímapunkti sem er sagt upp þjónustunni þinni hjá Spesíu og óskað eftir því að aðgangi þínum verði lokað og eytt.

13. Kvartanir

Hafir þú athugasemdir sem snúa að óánægju með þjónustu, afgreiðslu mála eða hvernig staðið hefur verið að málum getur þú lagt fram kvörtun til Spesíu í gegnum netfangið kvartanir@spesia.is.

14. Gildistaka

Skilmálar þessi taka gildi frá og með 27. október 2025.